



Dansþing 2025 - Fundargerð

Dansþing Dansíþróttasambands Íslands 2025 haldið 28. maí 2025 kl. 18.00, í fundarsölum ÍSÍ að Engjavegi 6 í Laugardal, Reykjavík.

Dagskrá Dansþings samkvæmt lögum DSÍ:

a. Þingsetning og staðfesting á lögmæti þingsins í samræmi við lög DSÍ.

Atli Már Sigurðsson varaformaður DSÍ setti þingið og bauð þingfulltrúa og gesti velkomna.

b. Kosning þingforseta og þingritara.

Stungið var uppá Kjartan Birgisson sem þingforseta og Halldóru S. Guðvarðardóttir sem þingritara og var það samþykkt einróma. Tóku þau strax til starfa.

c. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.

Þórhallur Guðmundsson, Helga Rakel Guðrúnardóttir og Jóhanna Ósk Jónasdóttir voru kosin í kjörbréfanefnd. Þau tóku strax til starfa.

d. Skýrsla stjórnar.

Helga Björg Gísladóttir formaður DSÍ flutti skýrslu stjórnar, sjá fylgiskjal 1.

e. Ávörp gesta.

Kári Mímisson stjórnarmaður ÍSÍ, flutti kveðju frá nýjum forseta ÍSÍ ásamt góðum orðum um starfið og sjálfbóðaliða.

Auður Haraldsdóttir og Atli Már Sigurðsson voru sæmd gullmerki ÍSÍ.

f. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram og skýrðir.

Atli Már Sigurðsson varaformaður kynnti endurskoðaða reikninga, sjá fylgiskjal 2.

g. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins.

Engar umræður voru um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins.

Spurningar: Kristín DÍH – Spyr út í mótaliðinn af hverju allt hækkar svo mikið 2025. Atli svarar henni að þetta sé áætlun og fer betur í það á eftir.

Þórhallur Guðmundsson kynnti niðurstöðu kjörbréfanefndar. Mættir fulltrúar 48 einstaklingar.

DÍK 15 mættir af 15, Hvönn 10 mættir af 10, HK mættir 9 af 9. mættir af DÍH 13 mættir af 13. DR 4 mættir af 4.

h. Skýrsla stjórnar og reikningar sambandsins borin undir atkvæðagreiðslu.

Samþykkt samhljóða.

i. **Fjárhagsáætlun næsta fjárhagsárs.**

Atli Már Sigurðsson kynnti fjárhagsáætlun, sjá fylgiskjal 2.

j. **Tillögur mótanefndar um tímasetningar dansíþróttamóta DSÍ næsta keppnistímabil.**

Atli Már Sigurðsson varaformaður for yfir tillögur mótanefndar, sjá fylgiskjal 3.

24. janúar - RIG áætla

15. febrúar Íslandsmót í standard dönsum, grunnsporamót í hæsta getuflokki og birkarmót í latin. Haldið í Kópavogi

15. mars Íslandsmeistaramót í latin dönsum, grunnsporamót og bikarmót í efsta getustigi og birkarmót í standard. Haldið í Hafnarfirði.

2-3. maí. Íslandsmeistaramót í 10 dönsum, grunnsporamót og Íslandsmót hjá efsta getustigi og DSÍ Open standard og latin.

Vísað til stjórnar til skoðunar og afgreiðslu. Samþykkt samhljóða

Athugasemdir að færa mótið 2-3. maí út af prófum í framhaldsskóla

k. **Tillögur um breytingar á lögum teknar til afgreiðslu.**

Fellur niður engar tillögur.

l. **Kosning stjórnar, varastjórnar og skoðunarmanna reikninga samkvæmt tillögum uppstillingarnefndar.**

Kosning til formanns stjórnar:

Helga Björg Gísladóttir. DÍK Var ein í framboði til formanns og því sjálfkjörin.

Kosning til stjórnar:

Kara Arngrímsdóttir DR til 2 ára HK – er á seinna ári

Sigurður Hrannar Hjaltason Hvönn til 2 ára HK – er á seinna ári

Ólafur Már Hreinsson gefur kost á sér til 2 ára

Atli Már Sigurðsson gefur kost á sér til 2 ára

Ólafur og Atli voru einu í framboði og skoðast sjálfkjörin

Kosning varamanna í stjórn.

Hreggviður Símonarson varamaður DÍK. Helga Dögg Helgadóttir varamaður DR.

Voru einu í framboði til varamanna og því sjálfkjörin.

m. **Kosning fulltrúa á Íþróttaping ÍSÍ.**

Kosning skoðunarmanna reikninga:

Svava Halldóra Friðgeirsdóttir Hvönn Heiðrún Svanhvít Nielsdóttir HK. Voru einar í framboði skoðunarmanna og því sjálfkjörnar

n. Önnur mál

Hildur Ýr formaður í Hvönn.

- 2 pör frá þeim vann sér inn rétt til að keppa á Evrópumóti en fengu ekki boð. Fengu skriflega afsökunarbeiðni og munnlega. Vildi að fólk vissi af þessu svo þetta gerist ekki aftur.
- Skortur á samskiptum til félaga, erindi berast seint.
- Meiri upplýsingaflæði
- Fá ekki svör við erindum þrátt fyrir að það hafi verið tekið fyrir á fundi.
- Minnir á að góð samskipti sé lykillinn sé lykill að farsældu starfi.

Þórarinn Ingi HK – tekur undir orð Hildar með að hlúa að þessu starfi og mikil neikvæðni í sambandinu á milli félaga. Vill hvetja fólk til að líta inn á við og vera jákvæð svo að samskiptin verði betri.

Kara Arngrímsdóttir DR – óskaði Auði og Atla til hamingju með gullmerkið.

Sagði sögu af fyrstu keppninni sem var haldin í Súlnasalnum á Hóltel Sögu. árið 2026 eru 40 ár síðan keppnin var fyrst haldin og skorar hún á stjórn félagsins og danskennarafélagsins að gera eitthvað í tilefni.

Kristín DÍH – þakkar fyrir góða samantekta hjá Atla en bendir á að það stendur efnahagsreikningar 2021.

Helga Björg Gísladóttir, þakkar traustið við kosningu á kosningu sinni til formanns. Gefur Árna og Þórunni þakklætisvott fyrir vel unnin störf en þau eru að fara úr varastjórn.

o. Þingslit kl. 18:50

Helga Björg Gísladóttir formaður DSÍ þakkaði starfsmönnum þingsins, fulltrúum og gestum fyrir gott þing og komuna. Hvetur fólk til að koma inn í starfið og vinna starfið með sambandinu.